

**Ed.**

**172. Frumvarp til laga**

[118. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**1. gr.**

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febrúar 1977 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða, settra samkvæmt þeim, að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

**2. gr.**

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 8 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur  $1\frac{1}{2}$  styrk einstaklings. Oliustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir.
- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
- c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

**3. gr.**

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a)-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

**4. gr.**

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 28. febrúar 1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu olfustyrksins í eitt ár, þ. e. frá 1. mars 1976 til 28. febrúar 1977.

Efnislega er það samhljóða lögum nr. 6/1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Þó er sú breyting á niðurlagi a-liðar 2. gr. að í stað „sem styrkur kemur til greiðslu“ komi „sem styrkur gildir fyrir“.

Gert er ráð fyrir, að tekjur í þessu sambandi á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 nemi um kr. 1120 millj., sem skiptist þannig:

Til einstaklinga .....	kr. 750 millj.
Til rafveitna .....	— 55 —
Til Orkusjóðs .....	— 315 —